

Alþingi
Erindi nr. P 131/1583
komudagur 28.4.2005

Reykjavík 25. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni:

Tillaga til þingsályktunar, um rásir fyrir búfenað til að koma í veg fyrir slys.
131. löggafrþing 2004-2005.
Þskj. 256 – 245. mál.

Landssamband hestamannafélaga bendir á varðandi ofangreinda þingsályktunartillögu að víðast hvar eru reiðvegir / reiðleiðis samsíða akvegum, eða á helgunarsvæðum þeirra og er það samkvæmt samkomulagi við Vegagerðina.

Landssamband hestamannafélaga gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við búfjárgöng undir akvegi en, búfjárgöng eins og þau sem lýst er í þingsályktunartillögunni og teikning henni fylgjandi sýnir eru ótæk vegna þessa.

Slyshætta fyrir riðandi umferð ykist stórlega þar sem henni er beint upp á akveginn til að komast framhjá búfjárgöngunum.

Landssamband hestamannafélaga bendir á handbók um gerð reiðvega og mannvirki þeim tengd sem kemur út nú á vordögum, um er að ræða samstarfsverkefni Landssambandsins og Vegagerðarinnar. Í handbókinni er m.a. fjallað um gerð reiðganga og lítilla minnst á búfjárgöng, ljósrítuð blöð úr reiðvegahandbókinni er varðar undirgöng mun fylgja frumriti erindis þessa til upplýsinga fyrir Alþingi.

Hestamenn eru fylgjandi öllum þáttum er varða öryggismál í umferðinni, á það jafnt við akandi-, gangandi- og riðandi umferð. Landssamband hestamannafélaga er tilbúið að koma að lausn þessara mála í samstarfi við Vegagerðina og aðra aðila málsins.


Í þingsályktunartillögunni er þess einnig getið að, *ein þeirra lausna sem lítið hefur verið til, sé að setja girðingar meðfram öllum vegum.*

Ef á að girða meðfram öllum vegum þá vakna spurningar um t.d. heidarlönd og afrétti þar sem akvegir eru og reiðvegir eða reiðleiðir marg krossa þá suma.

Landssamband hestamannafélaga bendir á mikilvægi hestatengdrar ferðaþjónustu og þær miklu tekjur sem hún skapar þjóðarbúinu.

Þess má geta að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands þá voru ætlaðar tekjur þjóðarbúsins af hestatengdri ferðaþjónustu 7.500 milljónir kr. árið 2001. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði voru erlendir ferðamenn það ár 270 þúsund, um 20% þeirra sóttu sér afþreyingu í íslenska hestinn. Spár Ferðamálaráðs gera ráð fyrir 9% aukningu erlendra ferðamanna milli ára, raunin hefur þó orðið 13-15 %, en miðað við 9% aukningu verða það 380 þúsund erlendir ferðamenn sem sækja Ísland heim nú í ár af þeim sækja 76 þúsund sér afþreyingu í íslenska hestinn, ætlaðar tekjur þjóðarbúsins af þeim eru 10.500 milljónir kr. Árið 2010 munu a.m.k. 120 þúsund erlendir ferðamenn sækja sér afþreyingu í íslenska hestinn það ár mun hestatengd ferðaþjónusta skila þjóðarbúinu um 16.500 milljónum kr. í tekjur, miðað við óbreytt verðlag og gengi gjaldmiðla.

Virðingarfyllt
f.h. Landssambands hestamannafélaga



Jón Albert Sigurbjörnsson
formaður

Lágmarksbreidd undirganga fyrir reiðstíga er 3 metrar skv. viðmiðunarreglum í verklýsingu Vegagerðarinnar.

Almennt er miðað við að rými í reiðgöngum sé þannig að innan þeirra rúmist ferningur sem er 3 x 3 m.

4.5 REIÐGÖNG


Þar sem reiðleið þverar umferðarmikinn þjóðveg getur þurft að leysa málið með undirgöngum. Undirgöng geta verið af ýmsum gerðum en líklegast eru undirgöng gerð úr stálplöturæsnum hagkvæmur kostur í flestum tilfellum. Bogalaga ræsi gefa í raun meira rými heldur en lágmarkstærðir segja til um, þar sem mesta breidd þeirra er tæpir 5 m og hæðin í miðju er um 4 m.



Reiðgöng undir þjóðveg við Akranes. Göngin eru það rúm að hægt er að fara með aðra umferð í gegnum þau ef nauðsyn krefur. Gott útsýni er eftir veginum þannig að vel sést til umferðar sem kemur á móti.


Ef göng eru nýtt fyrir aðra minniháttar umferð samhliða umferð ríðandi manna er mjög mikilvægt að merkingar séu góðar.

Forðast ætti krappar beygjur við undirgöng þannig að öll aðkomandi umferð sé sýnileg. Ganga þarf þannig frá samsetningaboltum, ræsaendum og frágangi við ræsaenda að ekki stafi hætta af ef hross fælist. Samsetningaboltar eiga að hafa hausinn inn í göngin og brúnir eiga að vera varðar með plastrorum.



Steypt göng undir Breiðholtsbraut. Heildarbreidd ganga er 5 m, hér hefur verið settur upp veggur til að skilja að umferð ríðandi manna frá annarri umferð, breidd reiðstígs er 3 m og lofthæðin er einnig 3 m. Umdeilt er hvernig á að tryggja öryggi allra vegfarenda um göngin og hvort heppilegt sé að skilja á milli umferðar með lokuðum vegg sem ekki sést yfir. Breiddin, 3 m, er í það minnsta í svo umferðamiklum göngum sem þessum.


G 1	2.24	2.10
G 2	2.46	2.30
G 3	2.68	2.47
G 4	2.92	2.66
G 5	3.24	2.90
G 6	3.46	3.10
G 7	3.64	3.45
G 8	3.96	3.69
G 9	4.20	3.90
G10	4.42	4.08
G11	4.65	4.25
G12	4.90	4.43
G13	5.14	4.63
G14	5.40	4.82
G15	5.64	5.02



Göngu- og umferðargöng, gerð G

Stálplötur sem eru sérsniðnar fyrir umferðargöng eru til í ýmsum útfærslum og eru hér sýndar sem dæmi þjár gerðir frá einum framleiðanda. Göng af gerð G eru svo til „hringlaga“ með flötum botni.

GH 1	1.90	2.00
GH 2	1.90	2.15
GH 3	2.00	2.31
GH 4	2.40	3.10
GH 5	2.52	3.00
GH 6	2.68	3.45
GH 7	3.00	3.50
GH 8	3.25	3.70
GH 9	3.50	3.95
GH10	4.20	4.30




Há og mjó umferðargöng, gerð GH

Þegar takmarkað rými er fyrir breið göng en nauðsynlegt er að ná mikilli hæð er hægt að nota göng af gerðinni GH.


Með þarfir hestamanna í huga eru framleidd sérstök reiðgöng, sem eru meira á hæðina en breiddina.

GL 1	2.25	1.98
GL 2	2.54	2.12
GL 3	2.73	2.24
GL 4	2.90	2.40
GL 5	3.19	2.59
GL 6	3.51	2.86
GL 7	3.82	3.01
GL 8	4.03	3.34
GL 9	4.49	3.61
GL10	4.90	3.75
GL11	5.25	3.91
GL12	5.55	4.04
GL13	5.45	4.14
GL14	5.84	4.56
GL15	6.00	4.86
GL16	6.25	5.01
GL17	6.53	5.35
GL18	6.78	5.50



Breið og lág umferðargöng, gerð GL

Gerð GL10 hefur m.a. verið notuð hér á landi sem umferðar- og reiðgöng og þykja gefa gott rými í breidd miðað við hæð.



Reiðgöng við Rauðhóla við Suðurlandsveg.

Breidd innan stálbogans er 7 m en breidd á milli steyptra veggja er 6 m, hæðin er um 5 m. Þetta eru talin góð göng á fjölfarinni reiðleið.



Reiðleið um Grafargil undir Vesturlandsveg.

Minnsta breidd ganga, sem sýnd eru á myndinni, er 3 m en breiðkar til beggja enda og er breiddin 4,4 m fremst í undirgöngunum, opið svæði og útsýni gott. Umferð ökutækja er vinstra megin reiðvegar. Umferð gangandi og hjólreiðarmanna er um braut sem er hægra megin við reiðveginn og liggur nokkuð hærra, en er sýnileg frá reiðveginum.

*Ath. fyrir reiðvegabækling***Undirgöng á fáförnum reiðleiðum**

Oft eru aðstæður þannig að ekki er unnt að koma fyrir reiðgöngum í fullri stærð undir þjóðveg og/eða umferð um reiðleið er ekki það mikil að réttlætanlegt sé að byggja stór reiðgöng undir þjóðveg með mikla umferð. Í slíkum tilfellum er hægt að byggja göng fyrir gangandi umferð og gera ráð fyrir að reiðmenn teymi hross í gegnum slík göng.

Við svona göng getur verið æskilegt að hafa áningastað eða slár þar sem hægt er að binda hross ef hagræða þarf hlutum við göngin. Hugsanlegt er að hafa hlið áður en komið er að undirgöngum. Skilyrt ætti að vera að brúnir séu varðar með plasthulsu.

Stærð slíkra ganga getur verið á bilinu 2,40–2,80 m, háð lengd ganga og aðstæðum.



Undirgöng undir Suðurlandsveg í landi Þjórsártúns, búfjárgöng þar sem hægt á að vera að reka hross um göngin. Þvermál rörs er 2,8 m, lengd 42 m.

Athuga merkingar; maður með hross í taumi eða yfirstrikaður reiðmaður.

Göng fyrir búfánað

Færst hefur í vöxt að gerð eru göng undir þjóðvegi fyrir búfánað. Almennt liggja ekki fyrir hver stærð slíkra ganga þarf að vera. Notendur hafa gjarnan tilhneigingu til að óska eftir stórum göngum en sá sem ber ábyrgð á kostnaðinum vill helst hafa þau sem minnst. og því eru settar hér upp hugmyndir að stærðum röra. Stærð ganga getur m.a. verið háð lengd þeirra.

Æskilegt er að fá athugasemdir við þessar stærðir þannig að samræmi sé í hönnun undirganga fyrir búfánað.

Viðmiðunarstærðir fyrir göng nndir þjóðvegi sem ætluð eru fyrir búfánað

Gerð ganga	Viðmiðunarstærð	Neðri og efri viðmiðun
Fjárgöng, möl í botni	1,50	1,40–1,80
Belgur, steypa þarf í botn	2,20	2,00–2,40
Hross, möl í botni, rekstur - ekki reiðgöng	2,60	2,40–2,80
Reiðgöng, sjá leiðbeiningar um reiðvegi	3 x 3	

Efni, verð m/vsk

Rör, d = 2,0 m 22.600,- kr/m (ágúst 2003) => 34 m undirgöng, kr. 768.400,-
 Rör, d = 2,8 m 44.100,- kr/m (ágúst 2003) => 34 m undirgöng, kr. 1.499.400,-

Reiðgöng, 4,8 x 3,75 botnlengd 27 m (verð 2002) kr. 2.000.000,-

Vinna við niðursetningu undirganga

Rör, d = 2,8 m, lengd = 34 m kostnaður ca. 0,8–1,5 m.
 Reiðgöng 4,8 x 3,75 botnlengd 27 m kostnaður ca. 2,0–2.5 m.